Reglur um einkaviðskipti starfsmanna

1 Tilgangur og markmið

2.1 Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Íslenskra verðbréfa hf. („**ÍV**“ eða „**félagið**“) í tengslum við einkaviðskipti starfsmanna og tengdra aðila.

2.1 Reglunum er nánar tiltekið ætlað að upplýsa starfsmenn, fyrirbyggja hagsmunaárekstra, tryggja að verðbréfaviðskipti starfsfólks séu yfir gagnrýni hafin og koma í veg fyrir misnotkun á trúnaðarupplýsingum sem starfsmenn kunna að búa yfir í tengslum við starf sitt. Þá er reglunum ætlað að tryggja fjárfestavernd og vandaða stjórnarhætti sem stuðla að trúverðugleika félagsins og starfsmanna.

2 Réttarheimildir

2.1 Reglurnar eru settar á grundvelli 5. mgr. 19. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, framseldri reglugerð nr. 231/2013 (ESB) um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit.

2.2 Jafnframt taka reglurnar mið af 21. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fjármálagerninga og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja.

3 Skilgreiningar

3.1 *Daglegir starfsmenn*: einstaklingar sem eru í ráðningarsambandi við félagið, þ.e. launþegar.

3.2 *Einkaviðskipti:* viðskipti með fjármálagerninga af hálfu eða fyrir hönd starfsmanns, þar sem a.m.k. annað af eftirtöldu á við:

a. viðskiptin falla utan þess verksviðs sem heyrir undir starf hans, eða

b. viðskipti fara fram fyrir reikning:

i. starfsmanns,

ii. einstaklings sem tengdur er starfsmanni fjölskylduböndum eða starfsmaður hefur að öðru leyti náin tengsl við, eða

iii. aðila sem starfsmaður hefur verulegra beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta að því er varðar niðurstöðu viðskiptanna, annarra en að fá gjald eða þóknun fyrir framkvæmd viðskiptanna (ii. og iii. sameiginlega „**tengdir aðilar**“).

3.3 *Einstaklingur sem tengdur er starfsmanni fjölskyldböndum*: merkir eitthvað af eftirfarandi:

a. maki eða sambúðarmaki,

b. barn, kjörbarn og stjúpbarn sem eru á framfæri starfsmanns,

c. annað skyldmenni starfsmanns sem hefur búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár á þeim degi sem viðkomandi einkaviðskipti fara fram.

3.4 *Starfsmaður*:

a. stjórnarmenn, meðeigendur eða sambærilegir aðilar, stjórnendur eða einkaumboðsmenn félagsins,

b. daglegir starfsmenn félagsins eða einkaumboðsmanns og aðrir einstaklingar sem veita þjónustu í umboði og undir stjórn félagsins eða einkaumboðsmanns, og sem koma að því að veita fjárfestingarþjónustu félagsins eða annast fjárfestingarstarfsemi þess,

c. einstaklinga sem koma beint að því að veita félaginu eða einkaumboðsmanni þess þjónustu samkvæmt fyrirkomulagi um útvistun sem er gagngert til að félagið geti veitt fjárfestingarþjónustu eða annast fjárfestingarstarfsemi („**útvistunaraðili**“).

4 Gildissvið

4.1 Reglurnar taka til allra einkaviðskipta starfsmanna, nema annað sé tekið fram.

4.2 Reglurnar gilda þó ekki um:

a. Reglulegan sparnað svo sem áskrift að verðbréfasjóðum eða sérhæfðum sjóðum, enda sé regluverði tilkynnt þegar starfsmaður gerir samning um áskrift eða þegar samningi er sagt upp.

b. Fjármálagerninga sem starfsmenn eru með í eignastýringu hjá fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi hjá fjármálaeftirliti í því landi sem það starfar, viðkomandi fjármálafyrirtæki hefur fullt umboð til viðskipta með fjármálagerningana og starfsmenn hafa engin afskipti af fjárfestingum og fá ekki upplýsingar um einstök viðskipti fyrr en að þeim loknum. Afrit af samningum um slíka eignastýringu skulu sendir regluverði. Starfsmenn skulu jafnframt veita regluverði umboð til þess að afla upplýsinga um slík einkaviðskipti að eigin frumkvæði ef þörf er á að mati regluvarðar.

c. Einkaviðskipti í verðbréfasjóðum eða sérhæfðum sjóðum sem eru eftirlitsskyldir samkvæmt lögum aðildarríkis sem krefjast sambærilegrar áhættudreifingar á eignum þeirra, svo fremi sem viðkomandi og/eða annar aðili ef viðskiptin fara fram fyrir reikning hans, eru ekki viðriðnir stjórnun viðkomandi sjóðs.

5 Almennar skyldur þeirra sem reglurnar taka til

Meginreglur

5.1 Starfsmenn skulu starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina félagins að leiðarljósi. Eftirfarandi meginreglur skulu ætíð hafðar að leiðarljósi í störfum starfsmanna:

a. Starfsmönnum ber ávallt að gæta fyllstu óhlutdrægni í störfum sínum. Í einkaviðskiptum skal þess sérstaklega gætt að viðskiptin stangist ekki á við gildandi ákvæði laga um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

b. Starfsmenn skulu ætíð gæta þess að einkaviðskipti þeirra og tengdra aðila verði ekki álitin óviðeigandi eða tortryggileg vegna starfa þeirra fyrir félagið og aðgangs að trúnaðarupplýsingum.

c. Starfsmanni er óheimilt að misnota stöðu sína til að hafa áhrif á gengi fjármálagerninga.

d. Starfsmanni er óheimilt að stofna til einkaviðskipta ef slík viðskipti fela í sér misnotkun trúnaðarupplýsinga eða brjóta á annan hátt gegn skyldum starfsmanns eða félagsins samkvæmt lögum sem gilda um einkaviðskipti.

e. Starfsmenn félagsins skulu sýna aðgætni í einkaviðskipum þannig að þau viðskipti stangist á engan hátt við hagsmuni viðskiptavina eða sjóða í rekstri félagsins á þeim tíma sem þau eru gerð og/eða eru ekki líkleg til að stofna trúverðugleika ÍV í hættu.

f. Starfsmenn skulu ávallt ráðfæra sig við regluvörð með hvers konar álitaefni tengdum einkaviðskiptum. Einkaviðskipti eru þó ávallt á ábyrgð starfsmanns, þó svo að hann hafi ráðfært sig við regluvörð.

g. Starfsmenn skulu alltaf láta hagsmuni viðskiptavina og sjóða í rekstri félagsins ganga fyrir sínum eigin.

Meðferð trúnaðarupplýsinga

5.2 Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna starfa sinna fyrir félagið er óheimilt að:

a. afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum, sem varðar útgefendur þeirra eða fjármálagerningana sjálfa,

b. láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir, og

c. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli trúnaðarupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerninga.

5.3 Ef aðili, sem reglur þessar taka til fær í hendur trúnaðarupplýsingar vegna starfa sinna fyrir félagið, sem geta hugsanlega talist til innherjaupplýsinga hjá viðskiptavinum félagsins, ber viðkomandi aðila að hafa samband við regluvörð félagsins.

Markaðshegðun

5.4 Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með fjármálagerninga eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekna fjármálagerninga eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í viðskiptum með fjármálagerninga.

6 Einkaviðskipti starfsmanna

Takmarkanir á viðskiptum

6.1 Starfsmaður eða tengdur aðili skal ekki stofna til, veita ráðgjöf um eða mæla með einkaviðskiptum í þeim tilfellum þegar:

a. óheimilt er að stofna til viðskiptanna samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum,

b. viðskiptin fela í sér misnotkun eða ótilhlýðilega birtingu á trúnaðarupplýsingum, og

c. viðskiptin stangast á við skyldur félagsins samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

6.2 Starfsmanni er óheimilt að láta öðrum aðila í té upplýsingar eða álit ef starfsmaður veit eða ætti með réttu að vita að það verði til þess að hinn aðilinn muni eða sé líklegur til að gera annaðhvort af eftirfarandi:

a. eiga í viðskiptum sem fallið geta undir gr. 6.1, eða

b. ráðleggja eða hvetja aðra til að eiga í slíkum viðskiptum.

6.3 Þannig gilda m.a. eftirfarandi takmarkanir um viðskipti starfsmanna og tengdra aðila:

a. Ákveði sjóður í rekstri félagsins, sjóðsdeild eða eignasafn í stýringu félagsins að kaupa eða selja fjármálagerninga yfir ákveðið tímabil geta þeir starfsmenn, sem um það hafa upplýsingar, ekki átt viðskipti fyrir sína hönd með viðkomandi fjármálagerninga í aðdraganda viðskiptanna og ekki fyrr en að lágmarki einum viðskiptadegi eftir að umbeðin viðskipti hafa átt sér stað.

b. Teljist starfsmenn búa yfir innherjaupplýsingum er varða tiltekinn útgefanda fjármálagerninga er þeim undir öllum kringumstæðum óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga þess útgefanda.

c. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti ef þau skapa verulega hættu á hagsmunaárekstrum á milli starfsmanns og viðskiptavina félagsins eða sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri þess.

d. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér í eigin þágu viðskiptakjör sem ÍV kann að njóta hjá þriðja aðila.

e. Starfsmönnum er óheimilt að kaupa af eða selja sjóðum eða sjóðsdeildum félagsins fjármálagerninga. Það sama gildir um kaup og sölu af eignasöfnum í stýringu hjá félaginu. Starfsmönnum er þó heimilt að kaupa og selja hlutdeildarskírteini í sjóðunum eða sjóðsdeildunum.

Tilkynning til regluvarðar og heimildir hans

6.3 Daglegum starfsmönnum er óheimilt að eiga einkaviðskipti með eftirfarandi fjármálagerninga án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar:

a. fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta (skráðir), eða ákveðið hefur verið að taka til viðskipta, á innlendum viðskiptavettvangi, hvort sem er í gegnum beina fjárfestingu eða afleiðusamninga,

b. fjármálagerninga sem gefnir eru út af erlendum félögum sem hafa bein tengsl við Ísland, hvort sem er í gegnum beina fjárfestingu eða afleiðusamninga,

c. afleiður á gjaldmiðla sem varða íslensku krónuna, og

d. fjármálagerninga, auk hluta í einkahlutafélögum, sem ekki eru skráðir á viðskiptavettvang (hvort sem er innlendan eða erlendan), hvort sem er í gegnum beina fjárfestingu eða afleiðusamninga, að undanskildum:

i. fjármálagerningum sem gefnir eru út af erlendum félögum sem hafa engin bein tengsl við Ísland, eða afleiður eða aðra fjármálagerninga sem þeim tengjast,

ii. viðskiptabréfum, þegar um hefðbundin viðskipti í tengslum við eigendaskipti fasteigna eða ökutækja er að ræða, og

iii. fjármálagerningum útgefnum af ÍV eða sjóðum í rekstri félagsins.

6.4 Starfsmenn sem gegna stöðu sjóðstjóra eða eru í fjárfestingarteymi sjóða skulu óska eftir samþykki regluvarðar vegna einkaviðskipta með fjármálagerninga útgefna af sjóðum í rekstri félagsins.

6.5 Regluverði er heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum um fyrirhuguð viðskipti telji hann þörf á.

6.6 Heimild regluvarðar til viðskipta skal að jafnaði gilda út viðskiptadaginn en regluvörður getur þó heimilað að heimild gildi til lengri tíma.

6.7 Starfsmönnum er skylt að tilkynna regluverði tafarlaust með skriflegum hætti gegnum tölvupóst um öll einkaviðskipti eftir að þau hafa átt sér stað.

6.8 Starfsmönnum er skylt að tilkynna regluverði með skriflegum hætti gegnum tölvupóst ef þeir fá fjármálagerninga í gjöf eða arf.

6.9 Í skriflegri beiðni starfsmanns um heimild til viðskipta eða tilkynningu um viðskipti skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. hvaða fjármálagerning starfsmaður óskar eftir að eiga viðskipti með eða hvaða fjármálagerning starfsmaður hefur átt viðskipti með,

b. nafnverðseiningar,

c. markaðsverð, og

d. aðrar upplýsingar eftir atvikum.

6.10 Regluvörður skal halda skrá yfir öll einkaviðskipti sem tilkynnt eru en þar skal m.a. koma fram viðskipti starfsmanns eða tengds aðila, dagsetning viðskipta, tegund fjármálagernings, nafnverðseiningar, markaðsverð og aðdragandi eins og við á hverju sinni.

6.11 Regluvörður hefur nauðsynlegar heimildir til að grípa til viðeigandi ráðstafana telji hann brotið í bága við reglur þessar eða gildandi lög.

Lágmarkseignarhaldstími

6.12 Daglegir starfsmenn félagsins og tengdir aðilar skulu eiga fjármálagerninga sem þeir kaupa í 30 daga frá kaupdegi að lágmarki. Daglegum starfsmönnum og tengdum aðilum er þó heimilt að selja fjármálagerninga áður en lágmarkseignarhaldstími er liðinn í eftirtöldum tilvikum,

a. ef markaðsverð keyptra fjármálagerninga fer niður fyrir upphaflegt kaupverð og viðskiptakostnað starfsmanns,

b. ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmaður hefur eignast í almennu útboði við skráningu þeirra á skipulegan markað,

c. ef um er að ræða fjármálagerninga sem skráðir eru á erlendum skipulegum markaði og hafa mikla veltu að mati regluvarðar,

d. ef um er að ræða viðskipti daglegra starfsmanna með hlutdeildarskírteini í sjóðum, og

e. ef um er að ræða fjármálagerninga sem daglegir starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá félaginu.

6.13 Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá lágmarkseignarhaldstíma vegna sérstakra aðstæðna, t.d. við óvæntar breytingar á aðstæðum daglegs starfsmanns eftir að fjármálagerningar voru keyptir, s.s. veikindi, slys eða andlát í fjölskyldu hans eða hjónaskilnað.

Upplýsingar um verðbréfaeign starfsmanns

6.14 Þegar starfsmaður hefur störf hjá félaginu skal hann greina regluverði frá öllum fjármálagerningum í sinni eigu.

6.15 Óski regluvörður eftir því skulu starfsmenn afhenda regluverði afrit yfirlits yfir verðbréfaeign eins og hún kemur fram í síðasta skattframtali starfsmanns og/eða afrit af yfirliti á vörslureikningi viðkomandi starfsmanns.

7 Innherjaupplýsingar

Starfsmenn sem búa yfir innherjaupplýsingum um útgefanda fjármálagerninga skulu tryggja að þeir gæti í einu og öllu að ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga samkvæmt lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og tengdum reglum.

8 Þagnarskylda

Starfsmenn félagsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum um eðli máls. Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

9 Yfirlýsing starfsmanna

Starfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér efni reglna þessara og skuldbindi sig til að lúta þeim, þar á meðal að þeir samþykki þá upplýsingaskyldu og felli sig við þau viðurlög sem fram koma í reglunum. Starfsmenn eru enn fremur hvattir til að kynna sér efni laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða auk afleiddrar löggjafar og annarra viðeigandi laga og reglna á fjármálamarkaði.

10 Viðurlög

Brot á reglum þessum geta varðað áminningu eða eftir atvikum brottrekstri. Regluvörður skal leggja mat á brot og tilkynna þau til stjórnar ef um alvarlegt brot er að ræða. Ef stjórn metur það sem svo að tilefni sé til að tilkynna fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um brot skal það gert án tafar.

11 Eftirlit

Regluvörður hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og veitir álit og ráðgjöf ef upp koma vafamál. Innri endurskoðandi skal jafnframt hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

12 Breytingar og gildistaka

Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.

12.1 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	31.03.2025	Stjórn	• Nýjar reglur

12.2 Útgáfustjórnun og ábyrgð

Útgáfa	1.0	**Dagsetning**	31.03.2025
Ákvörðunaraðili:	Stjórn	**Endurskoðun:**	31/03/2026
Umfang:	Reglur sem gilda um viðskipti félagsins og starfsmanna með fjármálagerninga.		
Gildissvið:	Stefnan nær til ÍV, þ.m.t. stjórnar félagsins, framkvæmdastjóra og stjórnenda.		
Yfirskjal:	Stefna um varnir gegn hagsmunaárekstrum.		
Eigandi:	Framkvæmdastjóri		
Birting:	Heimasíða		

Þannig samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.

FYLGISKJAL I – FORM AÐ YFIRLÝSINGU

Staðfesting starfsmanna sem falla undir reglu um einkaviðskiptiviðskipti starfsmanna.

Ég undirritaður/undirrituð staðfesti hér með að ég hef kynnt mér efni reglna um einkaviðskipti starfsmanna. Þá hef ég kynnt mér ákvæði þeirra laga og reglna sem um þau gilda og vísað er til í reglunum.

Jafnframt staðfesti ég að ég hef kynnt fjölskyldu minni framangreindar reglur, efni þeirra og skyldur þeirra til að hlíta þeim.

Ég skuldbind mig hér með til að starfa samkvæmt ofangreindum reglum og þeim lögum sem gilda um einkaviðskipti, lúta efni þeirra og þeim viðurlögum sem þau mæla fyrir um.

_____

Staður og dagsetning

_____

Undirritun